

Ráðgjafaráð í málefnum fólks með fötlun (Ráðgjafaráð)

Fundargerð 10.01. 2023. Fundur hefst kl. 14:35 og lýkur kl. 15:49.

Mættir á fund: Fjóla formaður (Framsókn), Alexander (Samfylkingin), Ólafur Örn (ÖBÍ), Egill (ÖBÍ), Þórarinn (ÖBÍ), Kristjana (Sjálfstæðisflokkur), Eyrún Birta (Þroskahjálp), Dalrós (Þroskahjálp) og Nína Jacqueline Becker (ritari í Ráðgjafaráði í málefnum fólks með fötlun).

- Fjóla formaður Ráðgjafaráðs í málefnum fólks með fötlun stýrir fundi.
- Nína Jacqueline ritar fundargerð.

1. Umræðuefni: Hvað er ráðgjafaráð?

Engin formleg dagskrá liggur fyrir en óskað er eftir umræðu í ráðinu um hvort að íbúar í Hafnarfirði viti um ráðgjafaráð og hlutverk þess.

Rætt er um hvort gera þurfi ráðgjafaráð sýnilegra og með hvaða hætti væri hægt að ná til þeirra.

Boltinn sé því hjá ráðinu. Ráðið þyrfti að hafa upplýsingar um hvernig og hvaða þjónustu íbúar hafi kost á að geta nýtt sér. Nafnið „ráðgjafaráð“ höfðar ekki til fatlaðs fólks og höfðar ekki til nefndarmanna.

Rætt er um hvernig ráðgjafaráð eigi að koma að málaflökknum, svo hann verði sýnilegri, í betra horf vegna íbúa og þá hvar væri hægt að auglýsa Ráðgjafaráðið. Rætt er um hvort facebook væri einn kostur til að nýta til upplýsingar.

- Engin ein leið hentar fjöldanum og óskað er eftir meiri sýnileika fyrir almenningi hvað ráðgjafaráð er og hverjir sitji í því ráði. Finna þarf fleiri leiðir til að upplýsa íbúa Hafnarfjarðar.

Greint er frá því að breytingar sem þau báðu um á heimasíðunni, að yfirlit sé um nefndarmenn sé komið inn.

2. Umræðuefni: Erindi frá fjölskylduráði

Erindi frá Fjölskylduráði barst erindi sem lesið er upp og tekið til umræðu.

Fjölskylduráð felur Ráðgjafaráði fólks með fötlun að yfirfara reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks í Hafnarfirði sem samþykktar voru í Bæjarstjórn þann 10. júní 2020. Tilgangur yfirferðarinnar er að meta hvort ástæða sé til þess að endurskoða akstur um jóla og áramót.

Ákveðið er að fresta bókun til næsta fundar og verða þá nefndarmeðlimir búnir að kynna sér nánar lög og reglugerðir sem skipta máli við ákvörðun bókunar.

3. Umræðuefni: Akstursþjónusta fatlaðra almennt

Í framhaldi af umræðu vegna aksturs á jólum og áramótum þá er mikill vilji til að ræða enn frekar akstur og þá þjónustu sem fatlað fólk fær og hefur aðgang að í Hafnarfirði. Rætt er um hvort hægt er að vera með staðsetningarapp sem væri þá svipað og Klapp og á hvaða leið hann er á. Einhver fyrirtæki eru nú þegar að veita samskonar þjónustu, að því talið er en skoða þarf hvað er í boði.

4. Umræðuefni: Aðgengismál – starfshópur

Rætt um Hopp hjól og hvar sé hægt að leggja þeim, hér í bæ. Ráðgjafaráð telur að frekari umræðu sé þörf. Er hægt að vera með skilastöðvar vegna hopp hjóla? Er verið að skila hjólum á ákveðinn stað í dag? Ábendingar eru komnar áfram hvað þetta varðar hjá þeim sem sjá um aðgengi / gatnamál í Hafnarfirði. Ráðgjafaráð vill að aðgengismál vegna hopp hjóla verði sett í betri farveg. Telja að huga þurfi betur að aðgengismálum vegna hopp hjóla og annarra tækja.

Nefndarmenn eru sammála um að bæta þurfi aðgengi einstaklinga í bænum og koma í veg fyrir að hjól séu skilin eftir á göngustígum og koma í veg fyrir aðgengi annarra.

Umræðuefni: utan dagskrár umræður;

- Ábendingargátt ? Hver tekur á móti henni?
- Hver fer yfir erindi? Er það deildarstjóri Stuðnings- og stoðþjónustu?
- Nauðsynlegt að þau viti hvað sé í gangi. Við/ráðgjafaráðið erum hurðin.
- Ritari hafði tjáð formanni að undirrituð gæti ekki setið lengur en 15:45 og á þeim tíma voru ekki fleiri málefni, en fullt af spurningum sem sitja eftir.

Spurningum frestað til frekari umræðum á komandi fundum.

Næsti fundur: er ákveðinn 15.02.2023 kl. 15:30. Búið er að bóka fundarherbergi (Krosseyri). Fyrri bókun segir 1,5 klst og miðað er við þann tíma fyrir næsta fund.